

# Greinargerð með fjárhagsáætlun 2024 – 2027



Sveitarstjórn Hrunamannahrepps  
Seinni umræða 7. desember 2023

## Inngangur:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og 3ja ára áætlun fyrir árin 2025-2027 var lögð fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 16. nóvember 2023 og er lögð fram til síðari umræðu þann 7. desember 2023.

Með áætluninni er lagður grunnur að fjárhagsramma sveitarfélagsins fyrir árið 2024 sem nefndum og stofnunum sveitarfélagsins er ætlað að vinna vinna eftir. Auk þess er unnin 3ja ára áætlun fyrir árin 2025-2027 eins og sveitarfélögum er lögum samkvæmt ætlað að gera.

Í Hrunamannahreppi er nú búið að úthluta lóðum í þéttbýlinu á Flúðum fyrir ríflega 50 íbúðir. Eru framkvæmdir hafnar við margar þeirra og aðrar eru í farvatninu. Þó verður að segjast að ytri aðstæður eru ekki sérlega hagfelldar húsbýggjendum í augnablikinu. Verðbólgan er þrálát og stýrivextir Seðlabankans þrátt fyrir að vera í hæstu hæðum gera lítið til að slá á verðbólguna. En þó að ytri aðstæður hafi nú oft verið betri en nú er þá hafa einstaklingar og fyrirtæki trú á Hrunamannahreppi og því hefur öllum lóðum verið úthlutað sem auglýstar hafa verið. Einnig er jákvætt að sjá að rekstraraðilar hafa trú á svæðinu en ýmsar hugmyndir eru nú uppi varðandi uppbyggingu á ferðatengdri starfsemi í sveitarfélaginu.

Það er ánægjulegt að sjá að íbúum hefur einnig fjölgað á árinu 2023 en íbúar 1. desember 2023 eru nú 898 en voru 874 þann 1. janúar 2023. Hafa því 24 nýir einstaklingar bæst í hóp Hrunamanna á árinu. Fjölgun ársins nemur rétt um 2,7%. Ekki er útlit fyrir annað en að sú þróun muni halda miðað við þann mikla fjölda íbúða sem hér eru í farvatninu og þann áhuga fjárfesta á svæðinu sem við nú upplifum.

### Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2024:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 89,2 m.kr..
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 96,9 m.kr.
- Niðurstaða samstæðu A og B hluta án fjármagnsliða og afskrifta (EBIDTA) er jákvæð um 317,7 milljónir sem er 16,5% af tekjum sveitarfélagsins.
- Skuldahlutfall nettó verður 72,5% í árslok 2024.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er áætlað 211,3 m.kr. sem er um 9% af heildartekjum.
- Útsvarsprósenta óbreytt á milli ára eða 14,74%.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts á A-flokk lækkuð um 2% annað árið í röð og verður 0,47%
- Almennt gert ráð fyrir að gjaldskrár fyrir árið 2024 hækki í samræmi við verðbólgu síðastliðins árs.
- Áætlaðar fjárfestingar A og B hluta nettó nema 326,5 m.kr..

# Forsendur fjárhagsáætlunar

## Útsvar:

Gerð er tillaga um **óbreytta álagningarprósentu útsvars eða 14,74%** en samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga má útsvarsprósenta vera 14,74% að hámarki. Varð breyting á þessu hámarki með samkomulagi samkomulagi Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins um sérstaka viðbótarfjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Tekjuskattur einstaklinga lækkar um sama hlutfall. Breytingin hefur því ekki áhrif á heildarstaðgreiðslu íbúa.

## Fasteignagjöld:

Á árinu 2023 var lagt til að álagningarprósenta fasteignaskatts í A-flokki (íbúðarhús og sumarhús) **lækkaði úr 0,49% í 0,48%**. Var sú lækkun sett fram til að mæta hækkun á fasteignamati í sveitarfélaginu sem nam þá 13,2% á milli ára. Fasteignamat hækkar einnig á milli árunna 2023 og 2024 og því er hér lagt til að álagningarprósenta fasteignaskatts í A-flokki lækki í 0,47% til að koma til móts við fasteignaeigendur í sveitarfélaginu.

**Aðrar álagningarprósentur fasteignagjalda eru óbreyttar.** Stefnt er að því að álögð gjöld hækki ekki umfram hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðinna 12 mánaða eða um 8% að jafnaði. Þó ber að geta þess að fasteignagjöld miðast við fasteignamat eigna í sveitarfélaginu en með nýrri aðferðafræði sem tekin var upp við fasteignamat fyrir nokkrum árum er ljóst að fasteignamat hækkar með mjög misjöfnum hætti innan sveitarfélaga sem og á milli þeirra og því er allur samanburður á hækkunum milli ára snúinn.

Sveitarstjórn hefur einnig ákveðið að fjölga gjalddögum fasteignagjalda og verða þeir nú 9 í stað 8 áður.

## Gjaldskrár:

Það er eftirtektarvert að gjaldskrár í Hrunamannahreppi eru víða með því lægsta sem gerist. Sem dæmi má nefna að gjaldskrá hitaveitu er með því allra lægsta sem gerist ef ekki sú lægsta á landinu. Gjöld fyrir leikskóla eru óvíða lægri og árskort í íþróttmannvirki eru hvergi ódýrari, heimsendur matur til eldri borgara sömuleiðis og áfram mætti telja. Er ljóst að sveitarstjórn hefur í gegnum tíðina viljað gera vel við íbúa og er það jákvætt. Þó verður ávallt að gæta þess að ganga ekki of langt í þessum efnum enda eru tekjustofnar sveitarfélaga á Íslandi bæði fáir og smáir og því mikilvægt að gætt sé að rekstrarhæfi sveitarfélaga um leið og íbúum eru búin góð lífsskilyrði.

**Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að gjaldskrár hækki að jafnaði um sem nemur hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðna 12 mánuði eða um 8%.** Sveitarstjórn miðar hækkun gjaldskráa við verðlagsþróun síðastliðins árs en ekki við verðbólguþá komandi árs. Með þessu móti er sveitarstjórn að vinna með rauntölur sem hlýtur að vera eðlilegra en að hækka gjaldskrár á undan verðbólgunni en slíkt eykur verðbólguþrýsting. Verðlagsþróun síðastliðna 12 mánuði er um 8% og því hækka flest þjónustugjöld í samræmi við það. Einhverjar undantekningar eru frá þeirri reglu svo sem hvað varðar árskort í íþróttamannvirkin sem hækka ekki á milli ára og eru þar heilsueflandi sjónarmið höfð að leiðarljósi. Á árinu 2023 var börnum (0-17 ára) búsettum í sveitarfélaginu veittur gjaldfrjáls aðgangur að sundlauginni, tækjasal (þau sem hafa aldur til) og íþróttahúsinu (opnir tímar).

**Á árinu 2023 var gerð breyting á innheimtu leikskólagjalda en nú fá öll börn gjaldfrjálsar 6 klukkustundir á dag í leikskóla. Fyrir sjöundu og áttundu klukkustundina er greitt hóflegt gjald.**

Með þessu er komið til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram um breytt eðli leikskólastarfs og vonir eru bundnar við að dvalatími barna styttest eitthvað og að þar með skapist rými fyrir bæði undirbúning og styttingu vinnutíma leikskólastarfsmanna. Foreldrar og forráðamenn barna munu þó ekki þurfa að bera þennan aukakostnað að fullu þar sem í staðinn mun ekki þurfa að greiða fullt gald fyrir yngstu börnin eins og nú er. Er vonast til að samfélagið allt sýni þessu skilning og hafi hagsmuni barna og leikskólans að leiðarljósi.

## Rekstur:

Áætlun varðandi rekstur einstakra stofnana er byggð á rauntölum ársins 2022 og áætlaðri útkomuspá ársins 2023. Laun miðast við núverandi starfsmannahóp að mestu. Þó er gert ráð fyrir breytingum á skrifstofu sveitarfélagsins með breytingu á tæknisviði en einnig breytingum vegna óskar sem komin er fram um minnkun á stöðugildi. Gert er ráð fyrir launahækkunum sem settar eru inn á launaliði fjárhagsáætlunar en kjarasamningar flestra starfsmanna sveitarfélaga eru lausir í mars og maí á komandi ári. Dugi ekki sú áætlun sem hér er gerð fyrir væntum kjarasamningsbundnum launahækkunum á árinu verður þeim mætt með gerð viðauka sé þörf á því. Áætlun er gerð á einstaka rekstrarliði stofnana og er unnið út frá rauntölum og raunverulegri stöðu rekstrar og gert ráð fyrir hóflegri hækkun neysliverðsvísitölu víðast hvar eða 6% sem er í samræmi við spár.

Forstöðumenn hafa heimild til að færa fjármuni á milli liða innan vöru- og þjónustukaupa enda sé slíkt gert af skynsemi og yfirsýn yfir stöðu viðkomandi stofnunar. Gert er ráð fyrir aðhaldi og skynsemi í rekstri stofnana eins og verið hefur undanfarin ár.

Mikilvægt er að allir geri sér grein fyrir því að fjárhagsáætlun ber að virða og ef að neyðst er til að víkja frá samþykktri fjárhagsáætlun ber að gera viðauka sem lagður verði fyrir sveitarstjórn til umfjöllunar.

## Niðurstaða fjárhagsáætlunar

Helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps árið 2024 eru eftirfarandi:

- Heildartekjur Hrunamannahrepps (aðalsjóðs, A- og B- hluta) nemi alls kr. 1.915 m.kr. fyrir árið 2023. Þar af eru skatttekjur áætlaðar 819,3 m.kr.
- Framlög Jöfnunarsjóðs eru áætluð 275 m.kr.
- Aðrar tekjur A og B hluta eru áætlaðar 821,2 m.kr.
- Rekstrargjöld og reiknaðar afskriftir samstæðu nema um 1.695 m.kr..
- Niðurstaða samstæðu A og B hluta án fjármagnsliða og afskrifta (EBIDTA) er jákvæð um 317,7 milljónir sem er 16,5% af tekjum sveitarfélagsins.
- Fjármagnsliðir eru áætlaðir 130,3 m.kr. og er rekstrarniðurstaða samstæðu því jákvæð um 89,2 mkr.
- Skuldaviðmið án þess að tekið sé tilliti til ákvæða laga verður um 78,3% í árslok 2024.
- Í ljósi aðstæðna í samfélaginu hefur ríkisstjórnin samþykkt að ákvæði í lögum varðandi skuldahlutfall og jafnvægisreglu sé felld út allt til ársins 2025. En þrátt fyrir það gætir sveitarstjórn að því að skuldir sveitarfélagsins fari ekki yfir 150% af tekjum og er Hrunamannahreppur langt undir því viðmiði á árinu 2024.

## Fjárfestingar:

Í fjárhagsáætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir að nettó fjárfestingar verði í samstæðu A og B hluta 326,5 m.kr. Fjárfesting í A hluta muni nema 260 m.kr. nettó.

Helstu fjárfestingar ársins 2024 sem og fjárfestingar 2025, 2026 og 2027 eru eftirfarandi:

	2024	2025	2026	2027
Íþróttahús	15.000.000	30.000.000	15.000.000	20.000.000
Félagsheimili breytingar	35.000.000	15.000.000	15.000.000	10.000.000
Íþróttasvæði WC o.fl.	3.000.000			
Lystigarður	5.000.000	5.000.000	4.000.000	3.000.000
Sundlaug, hönnun		15.000.000		
Gámasvæði - fjárfesting	33.000.000	15.000.000	15.000.000	10.000.000
Leiktæki í norðurbæinn	2.000.000	2.000.000	2.000.000	
Flúðaskóli, breytingar	20.000.000	15.000.000	10.000.000	5.000.000
Flúðaskóli, leiksvæði	15.000.000	15.000.000	15.000.000	10.000.000
Hrunamannavegur 3	150.000.000	20.000.000		
Gatnakerfi fjárfesting	30.000.000	30.000.000	100.000.000	50.000.000
<b>Eignasjóður brúttó framkvæmdir</b>	<b>308.000.000</b>	<b>162.000.000</b>	<b>176.000.000</b>	<b>108.000.000</b>
Gatnakerfi tekjur	- 50.000.000	- 30.000.000	- 50.000.000	- 40.000.000
<b>Eignasjóður nettó framkvæmdir</b>	<b>258.000.000</b>	<b>132.000.000</b>	<b>126.000.000</b>	<b>68.000.000</b>
<b>Bill í áhaldahúsið</b>	<b>2.000.000</b>		<b>6.000.000</b>	
<b>A hluti:</b>				
Fjárfesting	310.000.000	162.000.000	182.000.000	108.000.000
Gatnakerfi tekjur	- 50.000.000	- 30.000.000	- 50.000.000	- 40.000.000
<b>A hluti samtals</b>	<b>260.000.000</b>	<b>132.000.000</b>	<b>132.000.000</b>	<b>68.000.000</b>
<b>Heimaland</b>				
Félagslegt leiguhúsnaði	5.000.000	10.000.000	10.000.000	
<b>Fráveita samtals</b>	<b>5.000.000</b>	<b>10.000.000</b>	<b>10.000.000</b>	<b>-</b>
<b>Fráveitan</b>				
Nettó fjárfesting	36.000.000	12.000.000	17.000.000	17.000.000
Tengigjöld	- 8.000.000	- 2.000.000	- 2.000.000	- 2.000.000
<b>Fráveita samtals</b>	<b>28.000.000</b>	<b>10.000.000</b>	<b>15.000.000</b>	<b>15.000.000</b>
<b>Vatnsveita</b>				
Nettó fjárfesting	25.000.000	20.000.000	30.000.000	30.000.000
Tengigjöld	- 2.500.000	- 2.000.000	- 3.000.000	- 3.000.000
<b>Vatnsveita samtals</b>	<b>22.500.000</b>	<b>18.000.000</b>	<b>27.000.000</b>	<b>27.000.000</b>
<b>Hitaveita</b>				
Nettó fjárfesting	11.000.000	10.000.000	23.500.000	10.000.000
Tengigjöld	- 2.000.000	- 1.500.000	- 3.000.000	- 1.500.000
<b>Hitaveita samtals</b>	<b>9.000.000</b>	<b>8.500.000</b>	<b>20.500.000</b>	<b>8.500.000</b>
<b>Hrunaljós</b>				
Nettó fjárfesting	3.000.000	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Tengigjöld	- 1.000.000	- 1.000.000	- 1.000.000	- 1.000.000
<b>Hrunaljós samtals</b>	<b>2.000.000</b>	<b>2.000.000</b>	<b>2.000.000</b>	<b>2.000.000</b>
<b>Samtals fjárfesting B-hluta:</b>	<b>66.500.000</b>	<b>48.500.000</b>	<b>74.500.000</b>	<b>52.500.000</b>
<b>Fjárfesting samstæðu:</b>	<b>376.500.000</b>	<b>210.500.000</b>	<b>256.500.000</b>	<b>160.500.000</b>
Gatnagerðagjöld	- 50.000.000	- 30.000.000	- 50.000.000	- 40.000.000
<b>AB hluti samtals</b>	<b>326.500.000</b>	<b>180.500.000</b>	<b>206.500.000</b>	<b>120.500.000</b>

Eins og þarna kemur fram er langstærsta einstaka fjárfesting ársins 2024 kostnaður við innréttingu á Hrunamannavegi 3 en neðri hæðin og kjallari þess húss var keypt á árinu 2023. Í framhaldinu sköpuðumst umræður um mögulega nýtingu hússins sem enn hefur ekki náðst niðurstaða í en þó eru þessir fjármunir settir til hliðar vegna standsetningar hússins en vonir standa til að þau mál skýrist frekar fyrir en seinna. Einnig eru framundan ýmsar breytingar hjá stofnunum sveitarfélagsins með það fyrir augum að þær nýtist íbúum enn betur í öflugum vaxandi samfélagi. Er þar sérstaklega horft til betri aðstöðu og aðgengi að líkamsrækt og að koma megi fyrir aðstöðu fyrir sjúkrahjálara í tengslum við þá starfsemi. Haft verður ríkulegt samráð við forstöðumenn og starfsmenn stofnana svo tryggja megi góða sátt um verkefni.

Uppbygging er hafin við Fannborgartanga, í Byggð á bríkum, en fyrirtækið Gröfütækni ehf var hlutskarpast í útboði um gerð götunnar og tengigötu niður allt hverfið. Þar er í fyrsta áfanga gert ráð fyrir 25 íbúðum við Fannborgartanga sem skiptast með eftirfarandi hætti:

2 raðhús með fjórum íbúðum	8
2 raðhús með þremur íbúðum	6
4 parhús	8
3 einbýlishús	3

Í verksamningi við Gröfütækni var ákvæði um mögulega stækkun verksins og gerð næstu götu og hefur verið ákveðið að virkja það ákvæði og hefur fyrirtækið nú þegar hafið lagnavinnu og jarðvegsskipti á Loðmundartanga þannig að ekki er ólíklegt að lóðir við þá götu verði auglýstar lausar til úthlutunar frekar fyrir en seinna á árinu 2024.

Umtalsverðir fjármunir eru einnig settir til endurbóta á gámasvæði sveitarfélagsins sem og á skólalóð og húsnæði Flúðaskóla.

Aðrar fjárfestingar eru smærri í sniðum en miða allar að bættu umhverfi og betri þjónustu sveitarfélagsins.

## Lántökur:

Gert er ráð fyrir að tekin verði ný langtímalán árið 2024 í A-hluta nemi 60,2 m.kr. Jafnframt er gert ráð fyrir sölu beggja húsa sveitarfélagsins við Akurgerði og að ráðhúsið flytji þar með á ný yfir í Félagsheimilið. Söluhagnaður vegna þessarar sölu gæti numið um 71 m.kr.

Skuldahlutfall Hrunamannahrepps nettó verður 72,5% árið 2024.

Þá hefur verið tekið tillit til ákvæða reglugerðar 502/2012 sem heimilar að dregið sé frá skuldum við útreikning skuldahlutfalls, lífeyrisskuldbindingar sem falla munu til eftir 15 ár og síðar sem og eftirstöðvar fyrirframgreiðsla vegna Varúðarsjóðs og Lífeyrisaukasjóðs vegna framlaga sveitarfélags í tengslum við uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóðs, sbr. bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Afborganir langtímalána á árinu 2024 munu nema 123 m.kr.



## Þriggja ára áætlun:

Á árunum 2025 – 2027 er gert ráð fyrir að fjárfestingar samstæðu Hrunamannahrepps muni samtals nema 627,5 m.kr. og að tekin verði ný langtímalán til að mæta þeim að upphæð 100 m.kr.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þriggja ára áætlun er hér sett fram miðað við þær forsendur sem í dag liggja fyrir og langtímaspár. Aftur á móti vitum við að ýmislegt getur gerst sem raskað getur þeim spá eins og staðan síðustu misserin hefur svo rækilega sannað. Hrun efnhagskerfisins, heimsfaraldur inflúensu, eldgos og náttúruhamfarir var ekki eitthvað sem við gátum átt von á, tilheyrandi efnhagslegur óstöðuleiki á heimsvísu sem enginn endir er á og ekki bætir stríð í Evrópu fyrirsjáanleika fjárhagsáætlunargerðar næstu missera.

Kjarasamningar á Íslandi hafa einnig verið með þeim hætti að erfitt ef ekki ómögulegt hefur reynst að áætla fyrir þeim hækkunum sem þar hafa orðið reyndin. Óskandi er að meira jafnvægi verði í fjárhagslegu umhverfi sveitarfélaga á næstu misserum.

Umræða um rýra og veika tekjustofna sveitarfélaga verður sífellt háværari um leið og kröfur til þessara sömu sveitarfélaga um bætta þjónustu, bæði frá íbúum og löggjafarvaldinu, eru endalausar. Mikilvægt er að það náist sátt um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélög landsins verði sjálfbær til lengri tíma litið. Því miður er það ekki reyndin í dag, nema í undantekningartilfellum.

En í Hrunamannahreppi er bjart framundan. Leiðin liggur upp á við með uppbyggingu, fleiri íbúum og fjölbreyttari atvinnu. Við setjum markið hátt og viljum búa íbúum og fyrirtækjum framúrskarandi aðstæður með það að markmiði að íbúum fjölgi, atvinnutækifærum einnig og að þannig skapist enn betri grunnur að rekstri sveitarfélagsins.

Rétt er í lokin að minna á að þriggja ára áætlun er hér sett fram með þeim fyrirvara að hún getur og mun taka breytingum þegar kemur að gerð fjárhagsáætlunar viðkomandi árs þegar taka þarf tillit til aðstæðna eins og þær verða á þeim tíma.

## Lokaorð:

Fjárhagsáætlunin var unnin í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og nefndamenn og ber að þakka þá jákvæðni og samstarfsvilja sem sýndur var við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Greinargerðin er birt með fyrirvara um villur sem í henni kunna að leynast.

Aldís Hafsteinsdóttir  
Sveitarstjóri

## Um einstakar stofnanir:

### Skóla og velferðarþjónustan

Þar eru nú starfandi eftirfarandi starfsmenn: Yfirmaður stoðþjónustu (1), félagsfræðingar (2) en verður 1 á árinu 2023 Talmeinafræðingur (0,6) og yfirmaður með málefnum fatlaðs fólks, þroskaþjálfari (1), fjölskylduráðgjafi (0,7).

Skólaskrifstofa Suðurlands bs. hætti starfsemi þann 31. desember 2013 og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls, SVÁ tók yfir þau verkefni sem Skólaskrifstofa Suðurlands annaðist. Það er: sálfræðiþjónusta, kennslufræðileg ráðgjöf (leik- og grunnskóla) og endurmenntun kennaraog skólastjórnenda. Á árinu 2017 flutti Skóla- og velferðarþjónustan í húsnæði í Hveragerði og hefur verið þar til húsa. Þann 01.03.2023 munu Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus hins vegar ganga úr skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls, SVÁ. Í byggðasamlaginu munu því til framtíðar vera sveitarfélög í Uppsveitum Árneshvíls og Flóahreppur. Þessi sömu sveitarfélög hafa um árabil haft með sér samstarf um Velferðarþjónustu Uppsveita og Flóa sem hefur verið staðsett í Laugarási. Þar hefur verið höfð umsjón með almennri félagsþjónustu fyrir Hrunamannahrepp og önnur sveitarfélög á svæðinu.

Nú er unnið að endurskipulagningu byggðasamlagsins sem tilliti til nýrra og breyttra aðstæðna og hafa starfsmenn KPMG yfirumsjón með þeirri vinnu. Er líklegt að enn fleiri starfsmenn verði ráðnir til verksins á næsta ári.

### Flúðaskóli

Í Flúðaskóla eru starfandi þrjú stjórnendur sem sinna meðfram stjórnunarstörfum ýmsum öðrum störfum. Grunnskólakennarar eru í 11,24 stöðugildum. Skólaliðar eru í 4,9 stöðugildum, húsvörður er í 0,6 stöðugildum, ritari 0,625 stöðugildum og í mötuneyti er 1,7 stöðugildi.

Nemendur í 8. – 10. bekk úr Skeiða og Gnúpverjahreppi stunda nám við skólann og greiðir hreppurinn kostnað við þá skólagöngu miðað við raunkostnað og fjölda barna hverju sinni.

### Leikskólinn Undraland

Á leikskólanum eru 6,8 starfsmenn faglærðir eða með aðra háskólamenntun, þar inn í er staða leikskólastjóra. Á leikskólanum eru 10,3 stöðugildi ófaglærðra starfsmanna sem í dag eru mönnum með 8,3 stöðugildum af ýmsum orsökum. Þroskaþjálfari er að störfum á leikskólanum í 0,925 stöðugildi og stöðugildi í eldhúsi er 0,92.

### Félagsmiðstöð

Í félagsmiðstöð eru tveir starfsmenn í hlutastörfum ásamt forstöðumaður er ráðinn í 0,6 stöðugildi.



Bókasafn Hrunamannahrepps er til húsa á efri hæð Félagsheimilis Hrunamanna. Þar starfar einn bókasafnsvörður í 0,5 stöðugildum.

Bókasafn Hrunamanna hefur verið starfrækt frá árinu 1890 en þá var stofnað hér í sveit lestrarfélag í Hruna- og Tungufellssókn.

Safnkostur bókasafnsins var tengdur við Gegni sem var samskrá bókasafna, þ.e. skrá um safnkost þeirra. Nú hefur Gegni verið lokað og yfirfærsla hefur átt sér stað í nýtt kerfi, Ölm, sem opnað var þann 13. júní 2022. Rafræn bókasafnsskírteini eru í notkun sem gera lánþegum kleift að fara inn á “Mínar síður” í Gegni. Þar geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, endurnýjað og fleira.

Bókasafn Hrunamanna gerðist aðildarsafn að Rafbókasafninu árið 2018. Rafbókasafnið er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa.

Nokkrar breytingar voru gerðar á húsnæði bókasafnsins í Félagsheimili Hrunamanna, árið 2021, safninu til góða en þá voru gluggar endurnýjaðir og lýsing endurnýjuð.

## Félagsheimili Hrunamanna

Félagsheimili Hrunamanna var vígt þann 23. nóvember 1958. Í blaðagreinum í kjölfar vígslunnar er haft á orði að félagsheimilið væri stærsta og veglegasta félagsheimili Suðurlands. Í dag fer fjölbreytt starfsemi fram í húsinu. Þar er umsjónarmaður hússins í 0,5 stöðugildum og aðrir starfsmenn í þrifum skipa 0,4 stöðugildi.

## Íþróttahúsið

Í íþróttahúsi 1,4 stöðugildi en einnig 1 stöðugildi lausamanna.

## Sundlaug

Í sundlauginni er 1 stöðugildi. Yfirmaður íþróttamannvirkja 1 stöðugildi

## Gámasvæði

Yfirmaður úrgangsmála er í 0,8 stöðugildi.

## Áhaldahúsið

Í áhaldahúsi eru skráð 1,75 stöðugildi á vegum sveitarfélagsins. 2 stöðugildi bætast í um 5 mánuði á ári eða þegar ekki er hægt að hreinsa rotþrær, annars eru þessir starfsmenn bílstjórar að störfum fyrir Seyruverkefnei Uppsveita og Flóa.

## **Vatnsveita**

Einn starfsmaður er skráður 30 vatn

## **Fráveita**

Einn starfsmaður vinnur hjá vatnsveitu í 0,2 stöðugildi.

## **Hitaveita Flúða**

Hjá Hitaveitu Flúða er 0,5 starfsmaður á skrifstofu auk 0,5 stöðugildi veitustjóra og 1,25 stöðugilda almennra starfsmanna.

## **Ráðhús**

Í ráðhúsi eru 3 stöðugildi, sveitarstjóri, skrifstofustjóri, launafulltrúi í 0,5 stöðuhlutfalli og fulltrúi á skrifstofu í 0,5 stöðugildi. Oddviti starfar einnig á skrifstofu samkvæmt sérstökum samningi þar um.

